

Starfsstöð	Heimilisfang	Viðstaddir			
FE-1069 Náttúra fiskirækt ehf. (IS-36109) Þorlákshöfn	Laxabraut 5, Þorlákshöfn 815 Þorlákshöfn	Arnar Þór Ragnarsson Framkvæmdastjóri Reynir Þrastarson Ráðgjafi			
Tilfni	Eftirlit framkvæmt	Dagsetning skýrslu	Tímar við úttekt	Viðbótartímar	Yfirvinna
Reglubundin skoðun	6.9.2019	6.9.2019	5,00	0,00	0,00

Skoðuð voru og tekin afstaða til 6 skoðunatriða af 6. Gerðar eru kröfur um úrbætur í 5 skoðunatriðum, þar af 1 Alvarleg frávik og 4 Frávik. Nema annað sé tekið fram þá er veittur frestur til næstu reglubundinnar skoðunar samkvæmt áhættumati. Úrbótum skal lokið eins fljótt og auðið er.

Alvarleg frávik	Frávik
<a href="#">2.1.1 Rekstrarleyfi</a>	<a href="#">2.1.2 Framleiðsluskýrsla</a>
	<a href="#">3.2.1 Eldisbúnaður</a>
	<a href="#">3.3.1 Slyasleppingar</a>
	<a href="#">4.1.1 Dagbókarfærslur</a>

#### Aðrar athugasemdir

Framleiðsla fiskeldisstöðvarinnar hefur farið fram úr heimild fyrir árið 2019. Árið 2018 fór fiskeldisstöðin einnig fram úr leyfilegri hámarksframleiðslu og var engri framleiðsluskýrslu skilað fyrir árið 2017. Fiskeldisstöðin var upplýst um umframframleiðsluna þann 17. apríl 2019 en þrátt fyrir það hefur fiskeldisstöðin aftur brotið gegn skilyrðum rekstrarleyfis.

Eftirlitið var framkvæmt af undirrituðum og Hirti Methúsalemssyni starfsmanni Matvælastofnunar.

#### Starfsstöð

Náttúra fiskirækt ehf. (IS-36109) Þorlákshöfn  
Laxabraut 5, Þorlákshöfn  
815 Þorlákshöfn  
Staða: Í gildi  
Kennitala: 4211111380

#### Starfsemi

Frumframleiðsla - Þáttur VI - AE - Áframeldi - 2

#### Tengiliðir

Arnar Þór Ragnarsson	8974838	ar@fisk.is	Framkvæmdastjóri
----------------------	---------	------------	------------------

2 - Leyfi

---

2.1 - Rekstrarleyfi og skírteini

*7.gr. laga nr. 71/2008 og 34. gr. í reglugerð 1170/2015*

2.1.1 Rekstrarleyfi

Sett inn: 06.09.2019

Alvarlegt frávik

---

Framleiðsla fiskeldisstöðvarinnar fyrir árið 2019 er komin yfir 380 tonn í september 2019 en hámarks leyfileg framleiðsla stöðvarinnar er 200 tonn á ári. Áætla má að framleiðslan fari allt að 500 tonnum í lok árs.

Fiskeldisstöðin framleiddi 61,8 tonn umfram heimild árið 2018 og upplýsti Matvælastofnun fiskeldisstöðina um brotið þann 17. apríl 2019. Því er ljóst að um ítrekað brot á rekstrarleyfisskilyrðum að ræða.

2.1.2 Framleiðsluskýrsla

Sett inn: 06.09.2019

Frávik

---

Framleiðsluskýrslu var skilað 7.febrúar en framleiðsluskýrslum fyrir árið á undan skal skila fyrir 1. febrúar.

3 - Byggingar, búnaður og eldissvæði

---

3.2 - Landeldi

3.2.1 Eldisbúnaður

Sett inn: 06.09.2019

Frávik

---

1. Skráningu á viðhaldi og þrifum á búnaði ábótavant. Engum skráningum á viðhaldi og þrifum var framvísað við skoðun. Viðhald nauðsynlegt á ýmsum stöðum; gat var á loftara og sprunga á frárennslisröri.

2. Varnir á kerjum gegn ágangi fugla ekki fullnægjandi. Á fiskum sáust sár sem voru tilkomin vegna ágangs fugla.

3.3 - Slysasleppingar

*37. gr og viðauki IV í reglugerð 1170/2015.*

3.3.1 Slysasleppingar

Sett inn: 06.09.2019

Frávik

---

1. Uppfæra þarf viðbragðsáætlun vegna slysasleppinga í samræmi við nýjar breytingar á lögum um fiskeldi. Ef slysaslepping verður þarf að tilkynna það til Fiskistofu, Matvælastofnunar, sveitarfélagi og næstu veiðifélögum.

2. Enginn búnaður til staðar sem hægt er að nota til veiða ef slysaslepping verður. Allar fiskeldisstöðvar þurfa að eiga og viðhalda nauðsynlegum búnaði í því skyni.

3. Starfsmönnum er kynnt viðbragðsáætlun vegna slysasleppinga þegar þeir hefja störf en engin þjálfunarskrá eða staðfesting þess efnis var til staðar.

4 - Framleiðsluskráningar

---

4.1 - Dagbækur og skipulag

#### 4.1.1 Dagbókarfærslur

Frávik

Sett inn: 06.09.2019

---

Dauðfiskur er fjarlægður daglega og skráður daglega, en þær skráningar eru ekki notaðar til að greina hversu hátt hlutfall dauðfisks er í hverju kerfi, né er bókhald uppfært þar sem dauðfiskur er dreginn frá.

### 6 - Úrbætur

---

#### 6.1 - Úrbætur

##### 6.1.1 Mat á úrbótum

Í lagi

Sett inn: 06.09.2019

---

Frávik úr síðasta eftirliti hafa verið lagfærð.

#### **Eftirfarandi skoðunatriði voru skoðuð og reyndust í lagi**

6.1.1 Mat á úrbótum

---

Rúnar Ingi Tryggvason  
runar.tryggvason@mast.is  
sérfræðingur  
5304800